

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

Logi Kjartansson lögfræðingur á
stjórnsýslusviði ríkislögreglustjóra

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Almennt um hlutverk lögreglu samkvæmt 1. gr. lögglulaga nr. 90/1996
- Meginþættir 1. gr. lögglulaga: Forvarnir, rannsóknir mála, allsherjarregla og öryggi einstaklinga og almennings
- Lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006 með tilliti til 1. gr. lögglulaga – samhengið þar á milli

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Í heildstæðu samhengi eru lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka *forvarnarlöggjöf*
- Sbr. ekki síst þann tilgang sem tilgreindur er í 1. gr. laganna um að *koma í veg fyrir* peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Forvarnartilganginn má þannig skoða sem nokkurs konar yfirhugtak og megineinkenni

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Reglur laganna um...
- ...áreiðanleikakannanir, áhættumat,..
- ...reglubundið eftirlit og tilkynningarskyldu vegna grunsamlegra viðskipta...
- ...dæmigerðar forvarnarathafnir
- Að sporna við og koma í veg fyrir með fyrirfram skipulögðum hætti að eitthvað eigi sér stað eða nái framgangi (hér þvætti)

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Af fyrrgreindri 1. gr. lögreglulaga leiðir m.a. að lögregla hefur að meginreglu samfélagslegan einkarétt á eftirliti með almennri löghlýðni
- Tiltekinna undantekninga gagnvart þessum einkarétti lögreglu gætir hins vegar í lögum
- Lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru dæmi þar um

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Nánar greint þá er eftirlit með löghlýðni viðskiptamanna o.fl. lagt til tilkynningarskyldra aðila sbr. 2. gr. PPL
- Í því ljósi má þannig halda því fram að löggjafinn
- hafi falið tilkynningarskyldum aðilum og ábyrgðarmönnum þeirra ákveðin samfélagsleg verkefni sem telja má til tiltekinna löggæslustarfa
- Þar til bærir ábyrgðarmenn tilkynningarskyldra því nokkurs konar lögregla á þessu athafnasviði

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Framangreint fyrirkomulag er ekki óeðlilegt með tilliti til þess hversu sérhæft og að ýmsu leyti lokað athafnasvið fjármálamarkaðurinn er
- Lögregla hefur hvorki tæknilega né raunverulega möguleika á að sinna þar kerfisbundnu eftirliti
- Virkt samstarf lögreglu og tilkynningarskyldra aðila þó vitanlega grundvallaratriði...
- ...í baráttunni gegn peningaþvætti og þá um leið þeim afbrotum sem þar búa að baki
- Bæði lögreglulög og PPL byggja líka á slíku samstarfi

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Peningaþvættisskrifstofa ein þeirra deilda sem ríkislögreglustjóri starfrækir samkvæmt 5. gr. lögregluglaga
- Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði innanríkisráðherra sem æðsta yfirmanns lögreglumálefna
- Ríkislögreglustjóri þannig fyrst og fremst með faglega ábyrgð á starfsemi skrifstofunnar

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Að öðru leyti mótast starfsskilyrði skrifstofunnar fyrst og fremst af ákvæðum PPL og tilheyrandi reglugerðum
- Sbr. reglugerð nr. 626/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Sbr. einnig reglugerð um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 811/2008

Peningaþvætti frá sjónarhorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Af lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti o.fl. svo og lögreglulögum leiðir að hlutverk peningaþvættisskrifstofu er aðallega tvíþætt
- A) Fræðsla og upplýsingamiðlun varðandi peningaþvætti fyrir tilkynningarskylda aðila
- B) Móttaka, greining og þá eftir atvikum miðlun upplýsinga í kjölfar tilkynninga frá tilkynningarskyldum aðilum...
- ..til lögreglustofnana sem fara með rannsókn máls í merkingu sakamálalaga nr. 88/2008

Peningaþvætti frá sjónahorni lögreglu- og fjármálamarkaðsréttar

- Að lögum er það SERSAK sem fer rannsóknir þvættisbrota sbr. 264. gr. HGL
- FIKNO fer með rannsókn máls þegar peningaþvætti tengist alvarlegum fíkniefnabrotum
- Ferlið er þá yfirleitt þannig:
- 1) Tilkynning frá tilkynningaskyldum aðila um líklegt þvætti berst til lögreglu (PPS)
- 2) Móttaka og greining tilkynningar af hálfu starfsmanna peningaþvættisskrifstofu (PPS)
- 3) Eftir atvikum miðlun upplýsinga frá PPS yfirleitt SERSAK eða FIKNO

Hvaða hegðun manns er peningaþvætti?

- Verknaðarlýsing 264. gr. almennra HGL nr. 19/1940 varpar ljósi á það
- Í samanþjöppuðu og einfölduðu máli nánast hvers konar viðtaka, meðhöndlun eða tilfæringar *ávinnings* sem fenginn er með afbroti...
- Hvort sem er brot gegn alm. HGL eða sérrefsilögum
- Ávinningur: Hvers kyns hagnaður eða eignir sem fengnar eru með afbroti sbr. 3. gr. PPL

Hvaða hegðun manns er peningaþvætti?

- Af skýru orðalagi 264. gr. HGL ljóst að peningaþvætti er ekki sjálfstætt afbrot
- Að baki býr ávallt annað afbrot
- Peningaþvætti er þannig tiltekin hlutdeild eða m.ö.o. eftirfarandi þátttaka í ákveðnu frumbroti (því broti sem er undirliggjandi)
- Fáein dæmi um brot sem geta verið frumbrot að baki peningaþvætti eftir 264. gr. HGL

Hvaða hegðun manns er peningaþvætti?

- **Fíkniefnabrot** og ráðstöfun ávinnings sem þannig fæst
- Gertæki eða m.ö.o. ólöglegt sjálftaka réttar sbr. 260. gr. HGL (t.d. lánveitandi eða annar kröfuhafi fer ekki lögboðnar leiðir við innheimtu krafna sinna)
- **Lög um aðför nr. 90/1989** tilgreina skipulag og framgangsmáta varðandi innheimtu fjárfkra o.fl.
- Ef t.d. fulltrúi frá banka eða innheimtufyrirtæki fer með kranabíl að heimili skuldara í því skyni...
- ...að hirða ökutæki það sem lánað var fyrir vegna gjaldfallinna afborgana en...
- ...án lögboðins atbeina sýslumanns eða í andstöðu við aðrar grundvallarreglur aðfararlaga

Hvaða hegðun manns er peningaþvætti?

- Slíkt framferði gæti fallið undir gertæki sbr. 260. gr. HGL og...
- ...meðhöndlun eða ráðstöfun ávinnings sem þannig fengist kynni þá að varða við 264. gr. HGL um peningaþvætti
- **Brot gegn lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007** (t.d. innherjasvik eða markaðsmisnotkun)

Hvaða hegðun manns er peningaþvætti?

- **Brot gegn lögum um hlutafélög nr. 2/1995** (t.d. í tengslum við ólöglegar ákvarðanir um arðgreiðslur)
- **Brot gegn vopnalögum nr. 16/1998** (ólöglegur innflutningur eða ráðstöfun vopna)
- Þegar sami maður fremur bæði frumbrot og þvættisbrot er refsing ákveðin innan marka þess refsíákvæðis sem þyngri refsingu setur
- 264. gr. HGL tilgreinir þannig 6 ára refsiramma
- Dæmi: Brot varðar við 153. gr. hlutafélagalaga þar sem viðlögð hámarksrefsing er *2 ára fangelsi*
- Viðtaka og ráðstöfun ávinnings af slíku broti gæti þá talist peningaþvætti samkvæmt 264. gr. HGL þar sem refsihámarkið er sem fyrr greinir *6 ára fangelsi*
- Refsing yrði þá ákveðin innan þeirra marka þ.e. innan 6 ára rammans

Hvaða hegðun manns er peningaþvætti?

- Í dag eigum við m.a. í höggi við skipulagða brotastarfsemi sem virðir engin landamæri
- Fjármálamarkaðir og fyrirtæki þar óhikað nýtt af þvættispaorum – hagnaðarásetningur og valdagirnd aðalhvati þess háttar brotastarfsemi
- Penningaþvætti mikilvæg forsenda fyrir tilvist og framgang slíkrar brotastarfsemi
- Að hylja slóð hinna ólöglega fengnu fjármuna og færa þá í löglega umgjörð er þannig keppikefli og aðalmarkmið þvættispaursins

Hvað veitir vísbendingu um þvætti?

- Í 18. gr. PPL er vísað til að tilkynningarskyldir aðilar (t.d. fjármálafyrirtæki) skuli...
- ...forðast viðskipti þegar fyrir hendi er *vitneskja eða grunur* um að þau megi rekja til peningþvættis og tilkynna til lögreglu (PÞS)
- *Vitneskja eða grunur* í merkingu 18. gr. PPL – megininntak þessara hugtaka:
- Einhverjar hlutrænar og staðreynanlegar upplýsingar eða vísbendingar um að viðskipti megi rekja til þvættis

Hvað veitir vísbendingu um þvætti?

- Svo sem *afbrigðilega* háar upphæðir eða *óeðlilega* flókin viðskipti með tilliti til forsögu eða stöðu viðkomandi að öðru leyti
- Oft vísbendingar sem greina má með samanburði og mati slíkra þátta
- Aðalatriðið eða viðmiðið að eitthvað *sem hönd er á festandi* sé fram komið og...
- ...bendi til þess að um *peningapvætti* sé að tefla hjá hlutaðeigandi viðskiptamanni

Hvað veitir vísbendingu um þvætti?

- Mismunandi birtingarmyndir þvættis
- ...mögulega allt frá einni óvenjulegri innborgun til opnunar margra reikninga í fleiri löndum með tilfæringum himinhárra upphæða
- Til að mynda þekkt að þeir sem minna mega sín...
- ...eru t.d. andlegir eftirbátar og þannig barnalega trúgjarnir eða tilleiðanlegir...
- ...sému misnotaðir af skipulögðum þvættispaorum
- ..svo sem með því að samþykkja að reikningar þeirra séu notaðir til peningaþvættis – jafnvel þá án þess að gera sér grein fyrir eðli og alvöru málsins
- Skattalagabrot, fíkniefnasmygl, markaðsmisnotkun eða innherjasvik geta m.a. búið þar að baki

Niðurlag

- Í ljósi m.a. þeirrar skipulögðu og eftir atvikum alþjóðlegu brotastarfsemi sem við er að etja...
- ...svo og eðli peningaþvættis sem forsendu og undirstöðu slíkrar starfsemi...
- .. má ljóst vera að ef vel tekst til við að fyrirbyggja og afhjúpa peningaþvætti...
- ...vísar það ekki eingöngu til árangurs í baráttunni gegn afbrotum heldur líka...
- ...virkrar verndar þess velferðarsamfélags og réttarríkis sem forsendur okkar löggjafar og heildarskipulags byggja á